



NÁTTÚRUSTOFA  
SUÐAUSTURLANDS



# Varpútbreiðsla helsingja á Suðausturlandi 2019

Lilja Jóhannesdóttir, Kristín Hermannsdóttir & Svenja N.V. Auhage



## Inngangur

Helsingi (*Branta leucopsis*) er hánorræn gæsategund sem verpur að mestu á heimskautasvæðum í Norður-Atlantshafi (BirdLife International 2018). Á síðustu áratugum hefur þó helsinginn í ríkara mæli tekið upp á að verpa á farleiðum sínum í Norður-Evrópu og nokkuð stór hluti helsingjastofnsins nýtir þessi nýju heimkynni (Burfield og van Bommel 2004). Ísland er mikilvægur viðkomustaður fyrir helsingja sem verpa á Grænlandi á leið þeirra til og frá vetrarstöðvunum á Bretlandseyjum. Sá stofn hefur vaxið mikið frá því að byrjað var að meta stærð hans í Bretlandi um 1950 eða frá tæpum 10 000 fuglum í 81 000 fugla árið 2013, en fuglunum hafði fækkað í um 70 000 árið 2018 (Wildfowl & Wetlands Trust 2018).

Ísland er mikilvægur viðkomustaður fyrir helsingja sem verpa á Grænlandi og dvelja þeir hér á landi í um sex vikur að vori og hausti (Halldór Walter Stefánsson 2016). Þó að helsingi sé fyrst og fremst fargestur hér á landi hefur helsingjum sem dvelja hér sumarlangt fjölgað hratt og varpstofn helsingja smám saman verið að hasla sér völl. Helsingi hefur orpið nánast samfellt hér á landi frá 1964 en lengst af voru það einungis nokkur þör á Breiðafirði (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016) en í dag verpa helsingjar svo til eingöngu á Suðausturlandi. Fyrst er vitað um helsingjavarp þar árið 1988, á hólum í Jökullónu á Breiðamerkursandi (Benedikt Þorsteinsson o.fl. 1989). Síðustu ár hefur hins vegar varppörum fjölgað mikið á þessu svæði (Jóhann Helgi Stefánsson o.fl. 2015). Árið 2011voru þekkt 40 hreiður í Austur-Skaftafellssýslu sem væntanleg hefur verið töluvert vanmat en árið 2014 var heildarfjöldi varppara talinn vera um 500 í sýslunni í en það ár var í fyrsta sinn farið til að telja helsingjahreiður í Skúmey í Jökulsárlóni. Helsingjar verpa einnig í Vestur-Skaftafellssýslu og þar voru talin 80 þör 2009 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Svenja N. V. Auhage 2012). Helsta varpsvæði helsingja er Skúmey í Jökulsárlóni. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær helsingi hóf að verpa í Skúmey en árið 2014 gerði Náttúrustofa Suðausturlands úttekt á varpútbreiðslu helsingja í Austur-Skaftafellssýslu. Þá voru 361 hreiður í eygni, eða 72% þeirra hreiðra sem fundust í Austur-Skaftafellssýslu það árið (Jóhann Helgi Stefánsson o.fl. 2015). Árið 2017 voru hreiðrin þá 968 og 1119 árið 2018 (Snævarr Guðmundsson o.fl. 2018, Lilja Jóhannesdóttir og Kristín Hermannsdóttir 2019).

Vegna hraðrar fjölgunar á varpstofni helsingja á Íslandi tóku Náttúrustofa Suðausturlands og Náttúrufræðistofnun Íslands höndum saman um að staðsetja öll vörp á Suðausturlandi á varptíma helsingja vorið 2019. Náttúrustofa Suðausturlands sá um vettvangsvinnu í Austur-Skaftafellssýslu ásamt Fuglaathugunarstöð Suðausturlands og Náttúrufræðistofnun Íslands safnaði gögnum í Vestur-Skaftafellssýslu.

## Aðferðir

Úttekt á helsingjavarpi í Vestur-Skaftafellssýslu var gerð með tvennum hætti, með forkönnun úr flugvél þar sem flogið var yfir svæði sem voru talin hentug varpsvæði fyrir helsingja og eða þar sem til eru heimildir um að helsingjar hafi sést á varptíma. Fuglar sem sáust voru hnitskráðir. Síðan voru gengin þau svæði þar sem helsingjar fundust úr lofti. Forkönnun úr lofti var gerð á tveimur dögum, þann 22.5.2019 en þá var flogið svæðið frá Mýrdalssandi til norðurs meðfram Mýrdalsjökli; meðfram Hólmsá að Hólmsárlóni, niður með Tungufljóti frá Tjaldgili, meðfram Skaftá neðan Sveinstinds að Kirkjubæjarklaustri, um Landbrot, Meðalland að Kúðafljóti. Hinn 29.5.2019 voru líklegar ár og gil á svæðinu frá Fjaðrárgljúfri að Núpsá könnuð

úr lofti, einnig um Síðuafrétt. Sama dag var einnig byrjað á úttekt þeirra svæða sem helsingjar hafa fundist á en þá var ekið inn að Skaftárdal og síðan gengið meðfram Tungufljóti á um 14 km löngum kafla með ánni þar sem var talið líklegasta varpsvæðið, allt suður að Giljalandi. Dagana 30. og 31. maí 2019 var keyrt og gengið meðfram Hólmsá frá Hrífunesi að Brytalækjum með svipuðum hætti og gert var í úttekt árið 2009 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Svenja N. V. Auhage 2012).


Kortlagning helsingjahreiðra í Austur-Skaftafellssýslu fór fram frá 21. maí - 6. júní 2019. Leitað var að helsingjahreiðrum á 12 svæðum (mynd 1) og fundust hreiður á sex þeirra. Notast var við samfélagsmiðla til að biðja almenning um upplýsingar, tvær ábendingar bárust. Nokkuð breytilegt var á milli svæða hvernig hreiðrin voru kortlögð. Í Skúmei, þar sem er mjög þétt byggð á smáu svæði (10 ha), voru hreiður kortlögð nákvæmlega. Skógey var gengin þannig að nokkur fullvissa náðist um að meirihluti hreiðra fannst og voru kortlögð. Svæðið á Mýrum er all víðfemt og illfært og því var mest af því svæði skoðað með fjarsjá. Því má áætla að það séu lágmarkstölur þaðan. Einnig var svæðið við Brantasker skoðað með fjarsjá. Markhólmi og eyjarnar í Hornafirði voru myndaðar úr lofti með flygildi. Markhólmi var myndaður 29.05.2019 (myndefni barst frá Kristni Heiðari Fjölmissyni á Hala) og sjást hreiðrin vel á myndum en vegna þráláttra vinda náðist ekki að fljúga flygildi yfir eyjarnar í Hornafirði fyrr en 25. júní. Það reyndist of seint til að fá öruggt mat því ungar voru farnir úr hreiðri og erfitt að greina á milli hreiðurstæða helsingja og æðarfugla á myndum. Því má áætla að tölur þaðan séu nokkuð vanmat.

Starfsmenn Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands þekkja vel til fuglalífs á svæðinu og unnu hluta hreiðurleitarinnar. Sigurður Guðjónsson bóndi á Borg á Mýrum leiðbeindi um leirusvæði á Mýrum. Fjöldi sjálfbóðaliða, meðal annars frá Vatnajökulsþjóðgarði aðstoðuðu við kortlagningu í Skúmei.

## Niðurstöður

Í flugkönnun um Vestur-Skaftasýslu fundust einungis helsingjar við Hólmsá, Tungufljót og Skaftá. Möguleg varpsvæði eru talin hafa verið nokkuð vel dekkuð og er ekki líklegt að einhver vörp sem skiptu máli hafið farið fram hjá leitinni nema hugsanlega stök hreiður. Seinni flugdaginn frá Fjaðrárgljúfri að Núpsá fundust engir helsingjar. Við Skaftá fundust 21 helsingi í flugi og ekkert hreiður en í úttekt úr bíl fannst eitt par við hreiður nærri bænum Skaftárdal. Við Tungufljót fundust í landtalningu 11 varppör og 53 fuglar alls og voru þau öll nema eitt par á afmörkuðu svæði fyrir neðan bæinn Snæbýli. Við Hólmsá fundust í landtalningunni 280 hreiður og 1064 fuglar alls. Síðan 2009 hefur varpsvæðið við Hólmsá stækkað í báðar áttir meðfram ánni, til norðvesturs næstum því upp að Brytalækjum og eins austur fyrir Atley, en þar eru helsingjar farnir að verpa í háum björgum meðfram ánni eins og þeir eru vanir að gera á heimskautasvæðum.

Alls fundust 2051 helsingjahreiður í úttektinni, 1760 hreiður í Austur-Skaftafellssýslu (mynd 1) og 292 í Vestur-Skaftafellssýslu (tafla 1).



Mynd 1 - útbreiðsla helsingjahreiðra í Austur-Skaftafellssýslu vorið 2019. Einnig eru merktir staðir þar sem var leitað hreiðra en fundust ekki.

Tafla 1 - fjöldi varppara og helsingja í Vestur-Skaftafellssýslu vorið 2019

|             | Varppör    | Fjöldi fugla |
|-------------|------------|--------------|
| Hólmsá      | 280        | 1064         |
| Tungufljót  | 11         | 53           |
| Skaftá      | 1          | 2            |
| <b>ALLS</b> | <b>292</b> | <b>1119</b>  |

### Umræður

Mikil aukningin hefur orðið á varpstofni helsingja á Suðausturlandi síðan fyrstu þörin fundust þar í varpi árið 1988 (Benedikt Þorsteinsson o.fl. 1989) en árið 2019 fundust 2051 hreiður. Mestu munar um Skúmey en þar hefur helsingjavarp stækkað hratt á skömmum tíma en í ár voru 65% allra helsingjahreiðra, sem fundust í rannsókninni, í eygni. Áframhaldandi vöxtur varpsins í Skúmey er þó takmörkunum háður sökum líklegra landþrengsla og er mikilvægt að fylgjast áfram með útbreiðslu varpsins út frá kjarnasvæðum í Skaftafellssýslum. Eins og má sjá að við Hólmsá hægir á vexti staðbundna varpstofnsins þegar kjörsvæðin eru þétt setin og varpið breiðist út á minna eftirsóknaverðum stöðum.

## **Þakkir**

Kortlagning varpútbreiðslu helsingja á Íslandi var styrkt af Vinum Vatnajökuls og fá samtökin þakkir fyrir. Fuglaathugunarstöð Suðausturlands vann hluta vettvangsvinnunar og Sigurður Guðjónsson leiðbeindi um illfær svæði. Einnig þökkum við Ferðaþjónustunni Jökulsárlóni, starfsmönnum Vatnajökulspjóðgarðs og sjálfbóðaliðum fyrir hjálpina. Auk þess þökkum við fyrir ábendingar sem bárust frá almenningi.

## **Heimildir**

Benedikt Þorsteinsson, Elínborg Pálsdóttir, Björn Arnarson, 1989. Nýjar helsingjavarpstöðvar á Suðausturlandi. *Bliki* 8, 7-8.

BirdLife International, 2018. Species factsheet: *Branta leucopsis*. Sótt þann 14.12.2018 af: <http://www.birdlife.org>.

Burfield, I., van Bommel, F., 2004. Birds in Europe: population estimates, trends and conservations status, BirdLife International, Cambridge.

Halldór Walter Stefánsson, 2016. Íslenski grágæsastofninn 2012: fjöldi og dreifing á láglandi að vorlagi, Náttúrustofa Austurlands, Neskaupsstaður.

Jóhann Helgi Stefánsson, Kristín Hermannsdóttir, Snævarr Guðmundsson, 2015. Helsingjar í Austur-Skaftafellssýslu – stofnstærð og varpútbreiðsla 2014, Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundsson, G.A., Svenja N.V. Auhage, 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi, Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55, bls. 295.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Svenja N. V. Auhage, 2012. Helsingjar við Hólmsá, Náttúrufræðistofnun Íslands, Garðabær.

Lilja Jóhannesdóttir og Kristín Hermannsdóttir 2019. Fuglalíf í Skúmey á Jökulsárlóni á varptíma 2018. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði.

Snævarr Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson, Hrafnhildur Ævarsdóttir, David Evans, Brynjúlfur Brynjólfsson, Björn Gísli Arnarson, 2018. Skúmey í Jökulsárlóni, Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði.

Wildfowl & Wetlands Trust, 2018. Greenland Barnacle Goose. Sótt þann 06.02.2019 af: <https://monitoring.wwt.org.uk/our-work/goose-swan-monitoring-programme/speciesaccounts/greenland-barnacle-goose/>.